

# Aðalfundur Félags hrossabænda

19. nóvember 2010

haldinn í Sunnusal Hótel Sögu

**Kristinn Guðnason**, formaður FHB, setti fundinn og skipaði Jósef Valgarð Þorvaldsson og Ingimar Ingmarsson sem fundarstjóra og Hallveigu Fróðadóttur sem ritara.

**Jósef Valgarð** tók til máls og tilnefndi þau Ólaf Einarsson og Maríu Þórarinsdóttur í kjörbréfanefnd og komu engar aðrar tilnefningar.

**Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir** flutti kveðju landbúnaðarráðherra og lagði áherslu á gildi hrossaræktarinnar í íslenskum landbúnaði og margþætt menningarhlutverk hestsins .

**Sveinn Steinarsson**, formaður HSS tók næstur til máls og kynnti Þorkelsskjöldinn sem er nýr verðlaunagripur til minningar um Þorkel Bjarnason hrossaræktarráðunaut. Skjöldurinn er farandgripur sem veittur verður á LM hæst dæmdu kynbótahryssu mótsins, óháð aldri. Skjöldurinn verður veittur í fyrsta sinn á LM 2011 og í síðasta sinn árið 2030. Eftir að notkun hans lýkur skal hann varðveittur á Sögusetri íslenska hestsins eða á byggðasafni Árnesinga verði Sögusetrið ekki starfandi. Sveinn rakti starfsögu Þorkels Bjarnasonar en meðal hans helstu viðfangsefna voru m.a. Stóðhestastöðin, afkvæmadómar og stofnverndarsjóðurinn.

**Guðlaugur Antonsson** – Fjármálakreppan og smitandi kvefpestin hafa sett mark sitt á síðasta ár. Félag hrossabænda er eitt stærsta búgreinafélagið innan BÍ. Niðurskurður ætti ekki að koma mjög hart niður á hrossaræktinni. Nauðsynlegt er að efla samvinnu innan greinarinnar.

**Haraldur Þórarinsson** - telur hestamenn hafa þjappað sér meira saman en áður á þessu ári og telur ástæðu þess vera smitandi hóstann og kreppuna. Þurfum að eiga gott samband við FEIF enda kemur það allri greininni til góða. Þakkar samstarfið við stjórn Fhrb. vegna hóstapestarinnar, en segir að efla þurfi til muna varnir landsins og eftirlit t.d. á Keflavíkurflugvelli. LM 2011 verður haldið í Skagafirði. Könnun Hjörnýjar verður nýtt við skipulag og þróun Landsmóta.

**Bjarni Maronsson** – flutti kveðju frá Sveini Runólfsyni og starfsfólki landgræðslunnar. Verkefni sem eru í gangi og tegjast m.a. Fhrb eru „Bændur græða landið,“ með yfir 600 skráða þátttakendur þar af fjölmarga hrossabændur, í því verkefni er óræktarlandi breytt í nytjaland sem eykur afköst búsinis. „Gæðastýring í hrossarækt“ er stofnuninni annar dýrmætur samstarfsvettvangur. 43 bú eru þátttakendur í gæðastýringunni. „Betri hrossahagar 2010“ er nýjasta samstarfsverkefnið, könnun sem nýtist til úrbóta og samanburðar við eldri gögn. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í vetur en fyrstu niðurstöður benda til töluvert betra ástands almennt þó enn sé að finna dæmi um hið gagnstæða. Velferð hrossa og lands fer oft saman. Bjarni þakkaði stjórn Fhb og félagsmönnum samstarfið í gegnum tíðina.

**Sigurður Torfi Sigurðsson**, formaður járnningamannafélagsins sagði félag sitt eitt yngsta félagið í greininni ,en það er að hefja sitt fimmta starfsár. Mikið hefur breyst hvað varðar járnningar á undanförunum árum, þekkingin er stöðugt að aukast í greininni og starfsumhverfi járnningamanna

hefur batnað mikið. Markmið félagsins er að stuðla að aukinni fræðslu til félagsmanna sinna og hestamanna almennt. Íslandsmót í járningum var haldið í fyrsta skipti árið 2009, og er nýr vettvangur til kynningar á starfseminni.

**Kristinn Guðnason** fór yfir skýrslu stjórnar (sjá skýrslu) og fór sérstaklega yfir smitandi hóstann og gagnrýndi þann hræðsluáróður sem var í gangi mun lengur en rök voru fyrir. Telur viðbrögð hafa verið rétt og virðist veikin að mestu vera gengin yfir. Vegna þessa fór FEIF fram á að ísl. hestar yrðu bólusettir gegn hestainflúensu og fengju ekki að vera í sóttkví á heimsleikum í framtíðinni, en á þessu þarf að taka og vinna að lausn.

Sagði ánægjulegt hve mörg hross mættu á kynbótasýningar þrátt fyrir hóstapestina. Mikið var rætt í sumar um hina nýju þröskulda sem þóttu ósanngjarnir þegar þeir voru settir á, en verið er að endurskoða þá með tilliti til niðurstaðna úr dómum sumarsins. Sagðist reikna með að málið yrði líka rætt í kynbótanefnd síðar í dag og skoða þarf málið vel áður en ákveðið verður að breyta þessu aftur. Nefndi landsmót og sgaði hestamenn þurfa að standa að baki ákvörðun um að halda LM 2011, þrátt fyrir mótbárur frá FEIF.

Kristinn ræddi ESB aðild lauslega og taldi að ef af ESB aðild verður er ljóst að innan fárra ára verður innflutningur á hrossum til Íslands staðreynd.

**Eypór Einarsson** fór yfir reikninga félagsins (sjá reikninga) en félagið skilar ágætum rekstrarhagnaði þetta reikningsárið.

**Ólafur Einarsson** úr kjörbréfanefnd tók til máls og fór yfir fulltrúafjöldann:

Sunnlendingar – 11 fulltrúar

V-Hún – 3 fulltrúar

Skagfirðingar – 5 fulltrúar

Dalamenn – 2 fulltrúa

A-Hún – 3 fulltrúar

Ey-Þing - 7 fulltrúar

Vesturland – enginn fulltrúi kemur frá þeim

Austurland – 3 fulltrúar

Hornafjörður – enginn fulltrúi kemur þaðan.

#### ***Umræður um skýrslu og reikninga :***

**Jónas Hallgrímsson** tók til máls og spurði spyr Harald, formann LH út í ummæli hans um að við séum komin í vörn gagnvart erlendum aðilum.

Ræddi einnig eflingu á eftirliti í flughöfnum og innflutningshöfnum, s.s. á Seyðisfirði en þaðan er útflutningur til Færeyja og sagði að á Seyðisfirði væri vel staðið að þessum málum í góðu samstarfi við yfirdýralækni og héraðsdýralækni, sóttthreinsunarvottorð og innsigli er skilyrði fyrir því að flutningatæki til hrossaútflutnings komi til landsins. Sagði hestamenn verða að huga að sóttvörnum t.d. með reglum um að notaður reiðfatnaður sé ekki fluttur til landsins.

**Jónas Vigfússon** spurði um LM umfjöllun stjórnar og hvers vegna ályktun var send til búnaðarþings um að landsmót ætti að halda í dreifbýli til skiptis á Norður- og Suðurlandi. Sagði að mótunum ætti að dreifa víðar um landið. Spurði jafnframt hvernig stefnumótun félagsins fer fram ?

**Haraldur Þórarinnsson** – svarar fyrirspurn Jónasar, vörnin gagnvart erlendum aðilum er vegna landsmótsumræðunnar og smitandi hóstans. Þjóðverjar eru farnir að herja á FEIF vegna hræðslu um að landsmót verið haldið líka 2013 á sama ári og HM verður í Berlín. Talaði einnig um smitvarnir og sagði að sóttvarnarkynning mætti t.d. fara fram á sama tíma og öryggisatriði eru kynnt í flugvélum.

**Kristinn Guðnason** svaraði Jónasi Vigfússyni – ályktun til Búnaðarþings varðandi staðsetningar landsmóta var ákveðin af stjórn og send til búnaðarþings sem heldur skerpti á málinu. Fimm manna nefnd um landsmótin hefur verið sett á laggirnar og mun hún koma með tillögur m.a. varðandi þetta mál.

**Jónas Hallgrímsson** – Finnst skorta á upplýsingar um Landsmót vs. Heimsmeistaramót og vörn þá sem við erum í gagnvart útlendingum. Bendir á að FM á að vera á Austurlandi á næsta ári og virðist það ekki hafa verið í huga þeirra sem tóku ákvörðun um að halda LM 2011. Á einu ári væri þá FM, LM og HM. Er til samningur milli LH og FEIF um LM versus HM eða er þetta heiðursmannasamkomulag?

**Kári Arnórsson** – Kári sagðist hafa lagt til að ekki yrði haldið LM 2011 heldur tvö stórmót í staðinn, annað í Skagafirði og hitt í tengslum við FM á Austurlandi. LM yrði í Skagafirði 2012 og í Reykjavík 2014. Þetta var ekki samþykkt. Búnaðarþing á ekki að fjalla um landsmótsstaðarval að mati Kára.

**Haraldur Þórarinnsson** – svaraði Jónasi, sagði ekki til samning á milli LH og FEIF heldur væri um að ræða heiðursmannasamkomulag um að láta þessa stórviðburði ekki skarast. LM er alfarið á vegum LH og HM er alfarið á vegum FEIF. Varðandi FM á Austurlandi, virtist lítil áhugi vera á að halda fjórðungsmót þegar LH hafði samband við Hornfirðinga í sumar, en mótið átti að fara fram þar.

**Kristinn Guðnason** – Tillaga búnaðarþings verður skoðuð í Landsmótsnefndinni. Bændasamtökin eru með 1/3 aðild að LM og því ekki óeðlilegt að Búnaðarþing komi með tillögur um staðarval Landsmóta. Hestamannafélög á Austurlandi voru með í ákvarðanatöku um LM 2011 og engar mótbárur komu fram varðandi hana.

**Bjarni Þorkelsson** – sagði nær að fundurinn fagnaði þeirri athygli sem Búnaðarþing veitti hrossaræktinni og málefnum hestamanna í ár t.d. með ályktuninni og veitingu landbúnaðarverðlaunanna sem runnu að þessu sinni til hestafólks.

**Gunnar Ríkhartósson** – ræddi fagrád í hrossarækt og fannst óþarflega mikil leynd hvíla yfir störfum þess og mætti gera mun meira í að koma upplýsingum þaðan á framfæri, t.d. að kynna hvað fjalla á um, klára fundargerðir á fundinum sjálfum og klára mál á fagráðsfundum og kynna á ákvarðanatökur ráðsins í hestamiðlunum.

**Guðlaugur Antonsson** – skrifar fundargerðir fagráðsins og segir ekki grundvöll fyrir því að taka þátt af fullum krafti í umræðum og ákvarðanatökum ásamt því að fullrita fundargerð á fundinum sjálfum. Sendir fundargerðir til aðra aðila í ráðinu áður en hún er birt og svo er hún borin upp til samþykktar á næsta fundi á eftir.

**Sveinn Steinarsson** – fjallaði um smitvarnir og sagði að brýna þyrfti þær fyrir öllum hestamönnum. Ræddi smitandi hósta – fullorðin hross virðast vera búin að ná sér en ungvíðið er enn að berjast við hóstann. Er eitthvað verið að huga að inngrípum hvað ungvíðið varðar?

**Kristinn Guðnason** – segir hægt er að framleiða bóluefni gegn smitandi hóstanum en vonandi þurfum við ekki að nota það, gæti þó þróast út í að við þyrftum að huga að bólusetningu ungvíðsins, ef í ljós kemur að folöld veikjast á hverju ári.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum lið og bar Jósef Valgarð fundarstjóri reikningana upp sem voru samþykktir samhljóða.

### **Matarhlé gert kl. 12.30 – 13:20**

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** – kynnti áfangaskýrsla nefndar um þróun landsmóta. Nefndin var skipuð haustið 2010 og skilaði áfangaskýrslu á landsþing LH í okt. sl. en áætlað skil í mars nk. Landsmót hefur verið haldið á átta stöðum frá upphafi og hafa þau verið fjölmenn frá upphafi og gera kröfur á svæðin og aðilarfélögin. Skoðanakannanir sem Hjörny Snorradóttir vann í tengslum við meistaraþrófsritgerð sína hafa verið notaðar til hliðsjónar í vinnu nefndarinnar og hafa ýmsir nytsamir punktar komið úr könnun þessari. Heildarfjöldi áhorfenda á Landsmótum hefur aukist. Ýmislegt hefur verið rætt um framkvæmd mótanna s.s. fækkun hrossa, uppskipting móta, fjölgun valla á mótstað en engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi það.

Það sem helst ógnar landsmótum er: Hestapest (1998 og 2010), veðurfar, deilur og átök milli hestamanna, ímyndin þarf að vera góð og verður að passa vel upp á hana, rekstrargrundvöllurinn þarf að vera góður (LM 2008 er fyrsta mótið sem skilar hagnaði svo einhverju nemi).

Staðarval – deilur hafa verið um það. Samstarf þarf að takast um landsmótin en ekki deilur og illindi, hvað er til ráða?

Á Landsþingi LH var þó nokkuð af tillögum vísað til landsmótsnefndarinnar og mun hún vinna úr þeim.

**Hulda G. Geirsdóttir** – kynnti nýtt markaðsátak Fhb sem kallast „Imprinted by Origin.“ Um er að ræða vefherferð í anda „Inspired by Iceland“ þar sem sett er upp sérstakt vefsetur þar sem hægt er að „prófa“ íslenska hesta í íslenskri náttúru. Kvikmyndatökur fara fram með sérstökum myndavélum sem festar eru á knapa og sýna upplifun hans úr hnakknum. Tekið hefur verið upp á þremur stöðum fram að þessu, m.a. á Þingvöllum og Landmannafrétti og stendur til að taka upp fleiri myndir víðar um land. Hulda útskýrði tilgang og markmið verkefnisins en þau eru fyrst og fremst að kynna íslenska hesta fædda á Íslandi, íslenska náttúru og hestaferðir á Íslandi. Endanlegt markmið er að auka sölu á hestum fæddum á Íslandi og fjölga ferðamönnum/kaupendum sem koma til landsins vegna íslenska hestsins. Að lokum sýndi Hulda eitt myndbrot sem sýnishorn af því efni sem verður á vefnum.

**Ingimar Ingimarsson** gaf orðið laust um erindi Sveinbjörns og Huldu.

**Bjarni Þorkelsson** tók til máls spurði Sveinbjörn hvort nefndin um LM ætli sér að gera tillögur um fyrirkomulag landsmóta og val hrossa inn á það, þar með talið vandræðin vegna ofhlaðinnar dagskrár mótanna?

**Bjarni Páll Vilhjálmsson** kom í pontu og sagði spennandi nálgun í hinu nýja markaðsátaki. Benti á að rekstur hrossa í hestaferðum á Íslandi væri einstakur í hestaferðum á heimsvísu. Fram kom einnig að hestaferðir í hestaferðum eru í 5. sæti á lista yfir 10 bestu hestaferða „upplifanir“ í heiminum.

**Jónas Vigfússon** kynnti tillögu sína um að landsmót verði haldin á hverju ári. Þegar landsmótum var fjölgað þannig að þau yrðu á 2ja ára fresti í stað fjögurra voru miklar og heitar umræður um að það myndi gegnisfella landsmótin, en reyndin hefur orðið önnur og telur hann að það gæti líka orðið

raunin ef landsmót yrðu haldin á hverju ári. Vöntun er á „sýningarglugga“ fyrir kynbótahross á milli landsmóta. Sú útfærsla að skipta mótunum í unglunga og fullorðinsmót hugnast honum vel og á öllum mótunum væri töltkeppni, kappreiðar og kynbótahross, fjöldi áhorfenda yrði minni en á móti kæmi að ekki þyrfti að fjölga landsmótsdögum, myndi líka leysa deilurnar um landsmótsstaði. Fleiri staðir gætu verið með landsmót.

**Tryggvi Björnsson** - þakkaði Huldu kynninguna . Sagðist vilja halda landsmót á 2ja ára fresti enda framboð uppákoma og viðburða orðið gífurlegt. Uppákomur eru 28-30 helgar á ári. Þurfum frekar að laga landsmótin, þ.e. þau smáatriði sem bent hefur verið á, taldi ekki farsælt að skipta mótunum upp og ef fækka ætti t.d. kynbótahrossum þá yrði þeim fækkað í eldri flokkunum en ekki í þeim yngri. Eftir að Landsmót ehf tók til starfa er aðkoma félaga á svæðunum lítil sem engin og mætti breyta því í átt að fyrra horfi.

**Sveinn Steinarsson** – telur landsmótsmálin komin í góðan farveg með skipan landsmótsnefndarinnar. Landsmótin eru verðmæt „concept“. Verðum að bera gæfu til að smíða mótin ofan á ákveðinn fjölda sýningardaga. Kynbótastórmót á hverju ári ættu frekar að vera á höndum Fhb og BÍ. Leggja þarf áherslu á samstarf við LH og landsmótsnefnd. Lýsti ánægju með nýja markaðsátakið og telur Fhb vera á réttu leið með slíku átaki sem sé greininni allri til góða.

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** – svaraði fyrirspurn Bjarna Þorkelssonar og sagði talsverð verkefni liggja fyrir nefndinni, hefur sjálfur lagt áherslu á það að nefndin skoði heildarmyndina og hún kemur líklega með einhverjar tillögur um breytingar hvað varðar hrossafjölda og fleira. Taka þarf ákvörðun um hvað verður gert í framtíðinni ef landsmót fellur niður o.fl.

#### **Nefndarstörf:**

Tillögur kynntar og lagðar fram til nefnda.

Tillaga frá HEP – skýrslur stjórnar og reikningar liggja fyrir a.m.k 2 vikum fyrir aðalfund.- allsherjarnefnd.

Frá HEP – Árgjaldið lækkað niður í 3.000 kr. – fjárhagsnefnd.

Jónas Vigfússon – beinir því til stjórnar að LM verði haldin á hverju ári – kynbótanefnd.

Hulda G. Geirsdóttir f.h. stjórnar – umræða til allsherjarnefndar, hestaferðapjónustubændur vantar samnefnara og hafa áhuga á að ganga í FHB – allsherjarnefnd.

Hulda G. Geirsdóttir f.h. stjórnar – ályktun: FHB hvetur mennta- og menningamálaráðuneyti sem og sjávar- og landbúnaðarráðuneyti til að styrkja Sögusetur Íslenska hestsins og tryggi starfsemi þess til frambúðar – allsherjarnefnd

Ingimar Ingimarsson HSS - hvetur landsmótsnefnd til að taka af skarið varðandi landsmótsstaði fram í tímann. – allsherjarnefnd

Sveinn Steinarsson HS – Breytingar á þröskuldunum í kynbótasýningum: einkunn 9 f. tölt þá verði nægjanlegt að fá 8 fyrir hægt tölt og sama gildi fyrir stökkið 9 = 8 f. Hægt stökk, sem sagt einn heill á milli í þröskuldum.

Nefndir störfuðu frá 14:50 – 16:30

Að hléi loknu voru tillögur lagðar fram til afgreiðslu úr nefndum.

### Allsherjar og markaðsnefnd:

1) tilmæli frá Hestaferðþjónustubændum um aðild að FHB, nefndin ber upp tillögu um að þessu verði vísað til stjórnar – *samþykkt samhljóða*.

2) HEP leggur til að skýrsla og reikningar liggi fyrir amk 2 vikum fyrir aðalfund – breyting í nefnd og eftirfarandi tillaga lögð fram: „Allsherjar- og markaðsnefnd á Aðalfundi FHB 2010 leggur til að reikningar, drög að skýrslu stjórnar og þær tillögur stjórnar er liggja fyrir skuli birt á heimasíðu félagsins a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund FHB.“ – *samþykkt samhljóða*.

### 3) Ályktun frá stjórn

Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 19. nóvember 2010 hvetur mennta- og menningarmálaráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið til að gera samkomulag við Sögusetur íslenska hestsins um að það þjóni hlutverki alþjóðlegrar miðstöðvar rannsókna, fræðslu og heimilda um sögu íslenska hestsins. Samhliða tryggi fyrrgreind ráðuneyti rekstur setursins til framtíðar og að það njóti þess stuðnings sem þarf til að fyrrgreindum verkefnum séu sinnt með sóma.

#### *Greinargerð:*

Íslenski hesturinn er hluti af menningararfi þjóðarinnar og sögu hans ber að varðveita og miðla svo sæmd sé af fyrir íslenska þjóð. Hesturinn var um aldaraðir þarfasti þjóninn; samgöngur, flutningar og landbúnaður byggðu á þjónustu hans. Einnig er svo komið að okkar fyrrum þarfasti þjón er óumdeilanlega vinsælasti fulltrúi landsins á erlendri grundu. Hann er ræktaður og alinn í 20 þjóðlöndum, rúmlega 60 þúsund félagar eru í Íslandshestamannafélögum erlendis og þrisvar sinnum fleiri íslenskir hestar eru erlendis en á Íslandi. Nú er svo komið að Íslendingar eru í samkeppni við aðrar þjóðir þegar kemur að íslenska hestinum og atvinnugreinum hestamenskunnar. Þá er afar brýnt er að minna sífellt á að Ísland er upprunaland íslenska hestsins og er Sögusetrið einstakur vettvangur til þess.

Að uppbyggingu Söguseturs íslenska hestsins hefur verið unnið ötullega síðastliðin ár, þrátt fyrir takmarkaða fjármuni. Þáttaskil urðu starfsemi Setursins um miðjan ágúst 2010, er opnuð var glæsileg sýning á Hólum um íslenska hestinn sem er fyrsti áfangi af þremur í uppbyggingu fastrar sýningar um hestinn. Setrinu hafa einnig verið færð merkileg ljósmyndasöfn um íslenska hestinn, miklar bókgjafir og fjölmargir munir. Tryggja þarf starfsemina til að sú uppbygging sem þegar hefur átt sér stað nái að blómstra og þjóna sögu og framtíð íslenska hestsins hérlandis sem erlendis. Félag hrossabænda minnr jafnframt á að landsmót hestamanna verður haldið í Skagafirði á komandi sumri og þar mun Sögusetrið gegna lykilhlutverki við kynningu á sögu hestsins og í afþreyingarferðþjónustu á svæðinu. Mikilvægt er því að gengið sé til þessara samninga sem fyrst og starfsemi setursins tryggð til framtíðar. – *samþykkt samhljóða*.

4) Aðalfundur FHB 2010 samþykkir að beina því til stjórnar að Landsmót kynbótahrossa verði haldin á hverju ári.

Umræður: **Indriði Karlsson** var ekki sammála þessu, frekar að hafa tvær dómnefndir í gangi til að flýta fyrir starfinu á mótunum. **Sveinn Steinarsson** telur hugmyndina góða en mælir þó með að landsmótsnefnd verði gefið tækifæri á að vinna að málunum og þessa hugmynd mætti taka upp seinna.

**Jónas Vigfússon** bendir á að verið er að beina málinu til stjórnar, landsmótsnefnd kemur með sínar tillögur. **Indriði** spurði hvernig þetta kæmi út gagnvart útlendingunum ef við tilkynnum að stefnt sé á LM á hverju ári og telur þetta slæma tillögu. – *Tillagan borin upp felld með 17 atkvæðum á móti 10.*

#### 5) Tillaga HS

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn í Reykjavík 19. nóvember 2010 hvetur landsmótsnefnd til að taka af skarið um val á landsmótsstöðum í nánustu framtíð (10-15 ár). Fundurinn leggur áherslu á að landsmót séu haldin á landsbyggðinni, til skiptis norðanlands og sunnan, annars vegar á Vindheimamelum í Skagafirði og hinsvegar á Gaddstaðafötum við Hellu. – *tillagan var samþykkt í allsherjarnefnd með 5 atkvæðum, en 3 voru á móti og 2 sátu hjá.*

Umræður:

**Jónas Vigfússon** minnti á að búið er að byggja upp fleiri staði en Gaddstaðaflatir og Vindheimamela, ekki greininni til framdráttar ef einungis tveir staðir komi til greina. Á Melgerðismelum er t.d. búið að byggja upp góða aðstöðu. LH hefur ekki geta komið sér í það að ákveða landsmótsstaði með 5 ára fyrirvara.

**Elvar Logi Friðriksson** - vill hafa LM á tveimur stöðum þar sem hægt væri þá að byggja upp toppaðstöðu. **Kári Arnórsson** sagði að ef byggja ætti upp toppaðstöðu þá ætti bara að byggja upp á einum stað. **Indriði Karlsson** taldi þessa tillögu ekki koma á réttum tíma. **Ríkharður Hafdal**: þessi tillaga yrði til að auka enn á ósætti um landsmótsmálin. **Magnús Jósefsson** – sagðist efnislega sammála tillögunni, en þó sammála Indriða um að hún komi fram á röngum tímapunkti þegar verið er að vinna að framtíðarmálum í landsmótsnefnd. Vill vísa tillögunni frá á þessum tímapunkti. **Bjarni Þorkelsson** – er efnislega sammála tillögunni en með tilvísan í þann sáttarhug sem honum finnst ríkja leggur hann til að tillögunni verði vísað frá núna. **Kári Arnórsson** tók undir það að tíminn væri ekki heppilegur. Þegar talað er um aðstöðu á heimsmælikvarða þarf að ákveða einn stað en ekki byggja upp staði sem eru fullnýttir fjórða hvert ár. **Ingimar** sagðist telja tímasetningu þessarar tillögu mjög góða enda þurfi að ræða þessi mál og hefur það tekist á þessum fundi.

Lögð fram frávísunartillaga.

**Eyþór Einarsson** tók til máls um frávísunartillöguna og sagðist vera á móti því að tillögunni yrði vísað frá. Tillagan hafði verið lögð fram þar sem nauðsynlegt sé að taka af skarið í þessum staðsetningamálum, sátt kemur ekki nema framtíðarákvörðun verði tekin. **Jónas Vigfússon**: styður frávísunartillöguna, er ekki á þeirri skoðun að mótin verði haldin aftur og aftur á sömu stöðunum. – *Tillögunni vísað frá með 19 atkvæðum gegn 11.*

#### Kynbótanefnd:

1) Aðalfundur Félags hrossabænda 2010 beinir því til fagraðs að það beiti sér fyrir því að efnt verði til úrvalssýningar á hverri gangtegund á Landsmótum hestamanna. Rétt til þátttöku ættu þau kynbótahross sem hæstu einkunnir hlytu á vorsýningum. – *Tillagan samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.*

2) Aðalfundur Félags hrossabænda 2010 beinir því til fagraðs í hrossarækt að þröskuldum í tölti og stökki verði breytt með eftirfarandi hætti:

<b>Tölt</b>	<b>Reglur í dag</b>	<b>Tillaga</b>
7,5	Hámarkseink. ef ekki er sýnt hægt tölt	<b>8,0</b>
8,0	Hægt tölt sé að lágmarki 7,5	<b>7,0</b>
8,5	Hægt tölt sé að lágmarki 8,0	<b>7,5</b>
8,5	Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt tölt	<b>8,0</b>
9,0	Hægt tölt sé að lágmarki 8,5	<b>8,0</b>
9,5	Hægt tölt sé að lágmarki 8,5	óbreytt
10,0	Hægt tölt sé að lágmarki 9,0	óbreytt

<b>Stökk</b>	<b>Reglur í dag</b>	<b>Tillaga</b>
8,0	Hámarkseinkunn ef ekki er sýnt hægt stökk	óbreytt
8,0	Hámarkseink. ef eingöngu er sýnt hægt stökk	óbreytt
<b>8,5</b>	<b>Hægt stökk sé að lágmarki 8,0</b>	<b>7,5</b>
9,0	Hægt stökk sé að lágmarki 8,5	8,0
9,5	Hægt stökk sé að lágmarki 8,5	óbreytt
10,0	Hægt stökk sé að lágmarki 9,0	óbreytt

Nokkrar umræður urðu um þessa þröskulda, sérstaklega það að hross geti fengið 8 í dómi án þess að sýna hæga ganginn og ef hægi gangurinn er sýndur og er mjög lélegur fái það lægri einkunn. **Kristinn Hugason** sagðist styðja tillögu kynbótanefndarinnar og telur þetta jákvæða breytingu frá því sem var í sumar. Þessir þröskuldar auka aga og skilning sýnanda á mikilvægi hægu gangtegundanna. – *Tillagan samþykkt samhljóða.*

#### **Fjárhagsnefnd:**

1) Aðalfundur Félags hrossabænda 2010 leggur til að árgjald til FHB verði óbreytt kr. 4.000 – *samþykkt með 14 atkvæðum með og 6 á móti.*

**Indriði Karlsson** tók til máls og sagðist mjög sáttur með að árgjaldið verði óbreytt þar sem hann er mjög ánægður með störf félagsins þetta árið

2) Fjárhagsáætlun félagsins borin upp – *samþykkt með 14 atkvæðum.*

3) Einnig lagði fjárhagsnefndin til að póstlistar yrðu nýttir betur til að koma hinum ýmsu upplýsingum til félagsmanna og var sú tillaga *samþykkt samhljóða.*

Einnig kom fram ábending – á næsta aðalfundi verði tillögurnar skráðar inn og sýnilegar á stóra skjánum þegar verið er að fjalla um þær.

#### **Kosningar**

Formanskjör til þriggja ára: Fjárhags- og uppstillingarnefnd leggur til að *Kristinn Guðnason* verði kosinn til næstu 3 ára og það samþykkt með lófaklappi.

Þrír varamenn kosnir til eins árs: Tillaga um óbreytta varastjórn frá nefndinni: *Bertha Kvaran, Vignir Sigurðsson og Ragnar Magnússon* – samþykkt með lófaklappi.

#### **Önnur mál**

**Indriði Karlsson** tók til máls og vildi benda mönnum á sem eru með heimasíður að nota ekki myndir í leyfisleysi. Hönnuður að hans síðu settu erlenda mynd inn á síðuna en hann fékk háan reikning frá ljósmyndara.



**Anna Guðrún Grétarsdóttir** sagði það koma á óvart að fundarmenn gætu sjálfið valið nefndir til að starfa í á fundinum, allar deildir ættu að eiga fulltrúa í hverri nefnd og beinir því til aðalfundar að þessu formi verði breytt svo allar nefndir verði mannaðar fulltrúum allra deilda.

**Sveinn Steinarsson** vakti athygli á því ósamræmi sem er í heitum þeirra deilda er skipa FHB og velti fyrir sér hvort ekki mætti samræma þau betur

**Kristinn Guðnason** tók síðastur til máls og þakkaði fundarmönnum traustið í formannskjörinu. sagði búið að fjalla um mörg mál á þessum fundi , ræktunarmál og hitamál. Ætlast er til að landsmótsnefnd komi með framtíðarskipulag á Landsmótunumog mun starf nefndarinnar verða vel kynnt. Þakkaði að síðustu fyrir góðan fund, fundarstjórum og ritara, auk samstarfsaðila allra.

HF/hf/hgg